



---

## Minnisblað

Dagsetning: 19. apríl 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

---

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi ferðatakmarkanir vegna komu ferðamanna til Íslands.**

---

Þann 26.3.2020 setti heilbrigðisráðherra reglur nr. 259/2020 um sóttkví og einangrun ferðamanna vegna COVID-19. Í 3. gr. reglnanna er kveðið á um að einstaklingum sem koma til Íslands frá löndum sem skilgreind eru af sóttvarnalækni sem há-áhættusvæði og eru búsettir hér á landi eða eru íslenskir ríkisborgarar, er skylt að fara í sóttkví í 14 daga frá komu til landsins en erlendum ferðamönnum var hins vegar ekki skylt að fara í sóttkví samkvæmt þessum reglum. Í dag eru öll lönd utan Íslands skilgreind sem há-áhættusvæði.

Í dag er staðan sú að tekist hefur að mestu að ráða niðurlögum COVID-19 faraldursins hér á landi þannig að einungis nokkur tilfelli greinast hér daglega. Þetta hefur tekist með sameiginlegu átaki og samstöðu þjóðarinnar sem felur í sér víðtæka skimun gegn sjúkdómnum, einangrun sýktra, víðtækri smitrakningu og sóttkví þeirra sem útsettir hafa verið fyrir smiti. Auk þess hefur verið beitt víðtækum sýkingavörnum af hálfu almennings og ströngum samkomutakmörkunum.

Til að viðhalda þessu góða ástandi er mikilvægt að halda áfram víðtækri skimun gegn sjúkdómnum, einangrun sýktra, smitrakningu og sóttkví næstu misserin og líklega út árið 2020. Auk þess þarf að viðhalda víðtækum einstaklingsbundnum sýkingavörnum og fyrirhugað er að aflétta samkomutakmörkunum í skrefum á næstu mánuðum.

Eitt mikilægasta atriðið til að viðhalda núverandi ástandi og koma í veg fyrir víðtækan faraldur hér á landi er að tryggja að smit berist ekki hingað til lands erlendist frá en víðast hvar er faraldurinn útbreiddari en hér á landi.

Verkefnahópur undir stjórn ríkislögreglustjóra var stofnaður að beiðni sóttvarnalæknis þann 8. apríl sl. í þeim tilgangi að finna leiðir til að koma í veg fyrir að COVID-19 sjúkdómurinn bærst hingað til lands með ferðamönnum. Hópurinn skilaði tillögum sínum þann 20. apríl 2020 sem sjá má í meðfylgjandi skjali.

Sóttvarnalæknir telur mikilvægt að sem fyrst verði settar reglur í samræmi við tillögur verkefnahópsins. Lagt er til að undanþágur frá sóttkví eða útfærsla sóttkvíar verði í höndum sóttvarnalæknis og að reglurnar muni gilda til 15. maí 2020. Að þeim tíma liðnum verði reglurnar endurskoðaðar skv. tillögum frá sóttvarnalækni.

Með kveðju,

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir